

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1992

20. október 1992

211

Nr. 81

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda 21. október 1992.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 20. október 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

23. október 1992

Nr. 82

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 frá 30. mars 1987 með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 39. kafla:

Tollskrárnúmerið 3925.2000 skiptist og orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

3925.2011 – – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

3925.2019 – – – Annars 5 0 0

– – Gluggar og gluggakarmar:

3925.2021 – – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

3925.2029 – – – Annars 5 0 0

3925.2030 – – Annað 5 0 0

2. Á 44. kafla:

Tollskrárnúmerið 4418.1000 skiptist og orðist svo:

– Gluggar, dyragluggar og karmar til þeirra:

4418.1001 – – Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum 5 0 0

4418.1009 – – Annars 5 0 0

2. undirliður vöruliðar nr. 4418 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

– Hurðir, karmar og þröskuldar til þeirra:

– – Innihurðir:

Steindórsprent Gutenberg hf.

4418.2011	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
4418.2019	– – –	Annars	5 0 0
	– –	Útihurðir:	
4418.2021	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
4418.2029	– – –	Annars	5 0 0
4418.2030	– –	Annað	5 0 0

3. Á 73. kafla:

3. undirliður vöruliðar nr. 7308 ásamt tollskrárnúmerum orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

7308.3011	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7308.3019	– – –	Annars	5 0 0
	– –	Gluggar og gluggakarmar:	
7308.3021	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7308.3029	– – –	Annars	5 0 0
7308.3030	– –	Annað	5 0 0

4. Á 76. kafla:

Tollskrárnúmer 7610.1000 skiptist og orðist svo:

– Hurðir, gluggar og karmar til þeirra og þröskuldar í dyr:

– – Hurðir:

7610.1011	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7610.1019	– – –	Annars	5 0 0
	– –	Gluggar og gluggakarmar:	
7610.1021	– – –	Með tilheyrandi glerrúðum, einnig ísettum	5 0 0
7610.1029	– – –	Annars	5 0 0
7610.1030	– – –	Annað	5 0 0

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tölulið 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 frá 30. mars 1987 og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 23. október 1992.

Friðrik Sophusson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 83

25. október 1992

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 25. október 1992.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.